



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Erindi: Ósk um heimild mennta- og menningarmálaráðuneytisins þess efnis að Grunnskóli Vestmannaeyja fái að starfa sem tilraunaskóli skv. 44. gr laga nr. 91/2008 og jafnframt aðkomu ráðuneytis að menntarannsókn.

Hermundur Sigmundsson, prófessor í lífeðlislegri sálfræði við HR og Háskólann í Þrándheimi, hefur óskað eftir samstarfi við Grunnskóla Vestmannaeyja (GRV) og Vestmannaeyjabæ um að framkvæma viðamikla menntarannsókn til 12 ára. Skólastjóri GRV hefur lýst yfir miklum áhuga á skólinn taki þátt í þessu verkefni og hefur fræðsluráð stutt það.

Um er að ræða samunburðarrannsókn þar sem GRV mun taka upp breyttar áherslur í námi nemenda og verður lestur, stærðfræði og náttúruvísindi þar í forgrunni, auk hreyfingar. Rannsóknin sjálf mun hefjast haustið 2021 þar sem nemendur í 1. bekk verða þátttakendur og þeim síðan fylgt eftir út grunnskólagönguna. Undirbúningur verkefnisins mun hefjast haustið 2020 (sjá meðfylgjandi fylgiblað frá Hermundi).

Að öðru leyti er vísað til fundar Írisar Róbertsdóttur, bæjarstjóra Vestmannaeyja, með menntamálaráðherra og starfsmönnum ráðuneytisins þann 3. júní sl. um þetta mál.

Vestmannaeyjabær óskar eftir því að GRV fái heimild til að starfa sem þróunarskóli á grundvelli 44. gr laga um grunnskóla nr. 91/2008 á meðan menntarannsókninni stendur.

Að auki óskar Vestmannaeyjabær eftir samstarfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins og stofnana við umrædda rannsókn sem og fjárhagslegum stuðningi til að stofna og reka, í samstarfi við Vestmannaeyjabæ, menntasetur í Vestmannaeyjum. Slíkt setur mun m.a. hafa það hlutverk að styðja og halda utan um umrædda menntarannsókn sem og aðra afleidda rannsóknarþætti sem koma upp í tengslum við hana.

Umrædd menntarannsókn verður ein sú stærsta sem framkvæmd hefur verið hér á landi og er það trú okkar að hún muni veita mikilvæga þekkingu á skólastarfi s.s. varðandi kennsluhætti, skipulag skólastarfs, þarfir barna þ.m.t. kynja í skólastarfi o.fl. Að auki mun hún efla samstarf kennara og fræðimanni í kennslufræðum.

Nánari upplýsingar um málið veitir Jón Pétursson framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs Vestmannaeyjabæjar (jonp@vestmannaeyjar.is) og/eða Drífa Gunnarsdóttir fræðslufulltrúi (drifagunn@vestmannaeyjar.is).

Virðingarfyllst

Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri

Anna Rós Hallgrímsdóttir skólastjóri GRV